

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. desember 2023

Mál nr. S-1620/2023:

Ákærvaldið

(Pétur Fannar Gíslason saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Arnar Heimir Lárusson lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóvember 2023, að lokinni aðalmeðferð er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu útgefinni 20. júní 2023, á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...], [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir líkamsárás með því að hafa, laugardagskvöldið 18. september 2021, í svefnherbergi á heimili sínu að [...], [...], veist með ofbeldi að þáverandi eiginkonu sinni, A, kt. 000000-0000, slegið hana með krepptum hnefa í bringu og bak og hent henni fram úr rúminu svo hún lenti á náttborði og barnarúmi, með þeim afleiðingum að A hlaut hrufilsár og mar yfir vinstri olnboga auk vægra eymsla og yfirborðsáverka á bol. (Mál nr. [...]).

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er þess krafist að ákvörðun um refsingu verði frestað og til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila og hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

II

Málavextir.

Brotapoli, A, lagði fram kæru hjá lögreglu á hendur ákærða 18. nóvember 2021. Hún lýsti atvikum þannig að kvöldið áður en atvikið hafi orðið hafi hún og ákærði farið út að borða ásamt vinahjónum. Ákærði hafi þar verið með leiðindi þannig að brotapolan hafi liðið mjög illa og einnig vinkonu hennar. Brotapoli hafi því viljað fara heim og þau ásamt vinahjónunum hafi farið heim um kl. 22:00 í leigubifreið og vinahjónin hafi farið fyrst út úr bifreiðinni. Þegar brotapolan og ákærði hafi komið að heimili þeirra hafi brotapolan farið fyrst inn en ákærði orðið eftir úti til að greiða fyrir aksturinn og fá sér að reykja. Þegar hann hafi komið inn hafi brotapolan verið kominn upp í rúm. Ákærði hafi þá byrjað að tuða í henni og lagst upp í rúm. Hann hafi síðan barið brotapolan í bringuna en hún sagt ákærða að hætta. Þá hafi hann barið brotapolan í bakið með hnefanum og hún misst andann. Ákærði hafi haldið áfram að berja brotapolan, ýtt við henni og síðan hent henni út úr rúminu. Brotapoli hafi lent á náttborði sem hafi verið við hliðina á rúminu. Ákærði hafi verið trylltur og brotapolan gripið kjól og símann sinn en hlaupið síðan út úr íbúðinni. Hún hafi farið heim til kunningja síns sem hafi ekið henni til frænda brotapolan þar sem hún hafi verið um nóttina. Brotapoli kvaðst hafa marist á hendi, vinstra hné og rifbeini og fengið skurð á olnboga við árás ákærða.

Samkvæmt læknisvottorði leitaði brotapolan á Heilsugæsluna í [...] 22. september 2021 eða fjórum dögum eftir atvikið. Í vottorðinu kemur fram að eiginmaður brotapolan hafi veist að henni með höggum og að lokum hrint henni. Hafi hún lent á náttborði og rúmi. Hún hafi verið með verki í vinstri griplim frá olnboga og niður framhandlegginn. Hún hafi lýst dofa í vinstri hendi fyrstu einn til tvo dagana eftir atvikið. Einnig lýsti hún verk í vinstri síðu og um miðbik brjóstakassa. Það hafi verið vont að liggja á vinstri hlið fyrstu tvo til þrjá dagana. Þá kemur fram að brotapolan hafi verið marin og blá á vinstri olnboga og hné. Hún hafi fundið mjög til í vinstri síðu.

Þegar brotapolan lagði fram ofangreinda kæru kærði hún ákærða einnig fyrir líkamsárás sem á að hafa átt sér stað 21. mars 2021. Þá hafi þau verið í matarboði hjá vinarfólki og ákærði verið með leiðindi m.a. skítkast út í brotapolan. Hún hafi farið heim og verið komin upp í rúm þegar ákærði hafi komið heim. Hann hafi þá barið brotapolan í öxlina og hrist hana til eins og hann hafi oft gert. Brotapoli hafi farið á fætur, klætt sig og farið út. Hún

hafi farið til vinar síns og verið þar um nóttina en farið heim til sín morguninn eftir. Brotapoli kvaðst ekki hafa gert neitt meira úr þessu máli.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 14. desember 2021. Hann kvaðst ekki hafa beitt brotþola ofbeldi og því ekki gerst sekur um líkamsárás. Ákærði viðurkenndi að hann og brotþoli hafi rifist og yfirvofandi væri hjónaskilnaður. Ákærði kvaðst ekki getað svarað því hvers vegna brotþoli hafi verið með áverka þegar hún hafi leitað á heilsugæslu 22. september 2021.

Með bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 14. janúar 2022 var tilkynnt að rannsókn málsins hefði verið hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Jafnframt var tekið fram að ef það kæmu fram ný sakargögn væri unnt að taka rannsóknina upp að nýju, sbr. 3. mgr. 57. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þessa ákvörðun lögreglustjóra bar brotþoli undir ríkissaksóknara sem mun hafa gert lögreglustjóra að taka rannsókn málsins upp að nýju 28. mars 2022. Við framhaldsrannsókn málsins voru teknar skýrslur af þremur vitnum og önnur skýrsla tekin af ákærða 4. nóvember 2022. Í þeirri skýrslutöku kvaðst ákærði engu hafa við fyrri framburð sinn að bæta og staðfesti hann.

Lögreglustjóri felldi málið aftur niður með bréfi dags. 10. febrúar 2023. Þar segir að það sem fram hafi komið við rannsókn málsins þyki ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þessi ákvörðun lögreglustjóra var einnig borin undir ríkissaksóknara af brotþola. Afstaða ríkissaksóknara til málsins kemur fram í bréfi hans dags. 23. maí 2023. Þar var staðfest ákvörðun lögreglustjóra hvað varðaði hina meintu líkamsárás 21. mars 2021 þ.e. að fella það mál niður. En ákvörðun lögreglustjóra um að fella niður málið varðandi líkamsárásina 18. september 2021 var felld úr gildi. Taldi ríkissaksóknari að það sem fram væri komið í málinu væri nægjanlegt til sakfellis og lagði fyrir lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu að höfða sakamál á hendur ákærða fyrir líkamsárás gagnvart brotþola.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði neitar sök og kvaðst ekki hafa gerst sekur um líkamsárás gagnvart brotþola. Ákærði hafi hvorki slegið né ýtt við brotþola. Ákærði kvaðst hafa farið út að borða ásamt brotþola umrætt kvöld og þau komið heim um miðnætti. Þau hafi bæði verið búin að neyta áfengis og brotþoli hafi líklega verið undir meiri áhrifum en ákærði. Þegar þau hafi komið heim og ákærði verið háttaður uppi í rúmi hafi þau farið að rífast, brotþoli rokið út úr íbúðinni og farið á brott á bifreið. Rifriðið hafi snúist um trúnaðarbrest í hjónabandi þeirra. Ákærði kvaðst hafa farið að sofa og vaknað við það að sonur þeirra hafi spurt ákærða um nóttina hvar brotþoli væri. Ákærði hafi svarað að hann vissi ekki hvert hún hefði farið. Hún hafi síðan komið heim um kl. 09:00 morguninn eftir með látum og rekið ákærða út úr íbúðinni eftir stutt orðaskipti þeirra á milli. Ákærði kvaðst ekki hafa séð áverka á brotþola og ákærði hafði ekki skýringar á því hvernig þeir hafi komið til. Eftir þetta hafi samskipti ákærða og brotþola verið erfið en ákærði hafi ekki verið að viðurkenna ofbeldi gagnvart brotþola þegar hjónaskilnaðarmál þeirra hafi verið tekið fyrir hjá sýslumanni. Hann hafi aðeins verið að samþykkja lögskilnað strax eins og brotþoli hafi viljað. Ákærði kvaðst ekki heldur hafa verið að samþykkja að hafa beitt brotþola ofbeldi í skilaboðum þeirra á milli í september 2021.

Vitnið og brotþolinn, A, sagði að hún og ákærði hafi boðið fólki á heimili sitt um miðjan dag í umrætt sinn. Um kvöldið hafi þau farið á veitingastað, borðað þar og drukkið áfengi. Brotþoli hafi síðan viljað fara heim, líklega á milli kl. 22:00 og 23:00, vegna leiðinda af hálfu ákærða sem hafi verið búinn að drekka mikið. Brotþoli og vinkona hennar hafi verið búnar að drekka minna en ákærði. Þau hafi farið ásamt vinfólkinu saman í leigubifreið til síns heima og vinfólkið hafi farið á undan út úr bifreiðinni. Þegar brotþoli og ákærði hafi verið komin út úr bifreiðinni við heimili þeirra hafi ákærði byrjað með leiðindi. Hann hafi verið afbrýðisamur út í brotþola og ásakað hana um framhjáhald og að hafa daðrað við aðra menn en ekki hafi verið fótur fyrir því þetta kvöld. Brotþoli kvaðst hafa verið háttuð upp í rúm og síðan hafi ákærði komið upp í rúmið. Brotþoli hafi snúið andlitinu að ákærða sem hafi byrjað að slá brotþola þung högg. Hún hafi beðið ákærða að hætta en hann hafi ekki gert það. Brotþoli hafi þá snúið sér við og snúið bakinu í ákærða sem hafi haldið áfram að slá brotþola og á endanum hent henni út úr rúminu. Hún kvaðst ekki vita hvort ákærði hafi aðeins notað hendur

þegar hann hafi hent henni út úr rúminu eða hvort hann hafi einnig notað fætur. Hún hafi lent með vinstri hlið líkamans á náttborði og barnarúmi sem hafi verið við hliðina á rúmi hennar og ákærða. Ákærði hafi slegið brotþola 4-5 högg í bringu og axlir. Ákærði hafi verið með geðveikisglampa í augunum og brotþoli hafi verið mjög hrædd við hann. Hún hafi því gripið símann sinn og kjól og hlaupið út úr íbúðinni. Á leiðinni út hafi hún gripið bíllykla en hlaupið út á nærbuxunum en haldið á kjólnum. Hún hafi farið inn í bifreiðina fyrir utan og aðeins hugsað um að komast í burtu frá ákærða. Þar sem hún hafi verið búin að neyta áfengis hafi hún viljað keyra sem styðst og farið til vinar síns B skammt frá en hún hafi aldrei nema í þetta eina skipti ekið eftir að hafa neytt áfengis. Brotþoli kvaðst ekki hafa sagt B frá því sem hefði gerst en hún hefði áður leitað skjóls hjá honum. Brotþoli kvaðst hafa hringt þaðan í C frænda sinn í [...], beðist gistingar þar og B ekið henni þangað. Hún kvaðst ekki hafa skýrt C frá því sem hefði gerst.

Brotþoli sagði að B hafi sótt hana morguninn eftir og hún síðan farið heim til sín á bifreið sinni. Hún hafi farið fram á það við ákærða að yfirgefa íbúðina sem hann hafi og gert. Þegar atvikið varð hafi hjónaband hennar og ákærða staðið tæpt og brotþoli hafi verið hrædd við að vera ein með ákærða en ofbeldi af hans hálfu hefði færst í aukana með tímanum. Brotþoli kvaðst hafa leitað á heilsugæslu þremur dögum eftir atvikið en hún hafi ekki ætlað að gera neitt mál úr þessu en fjölskyldumeðlimir hafi kvatt hana til að fá áverkavottorð. Hún kvaðst hafa sýnt systur sinni, dóttur og tengdadóttur áverkana sem hún hafði hlotið af völdum ákærða. Hún hafi verið marin á hendi, hné, læri og rifbeini og fengið skurð á olnboga. Eftir atvikið kvaðst brotþoli hafa verið hrædd um að hitta ákærða, hún hafi lokað sig inni og þróað með sér kvíða og þunglyndi. Henni hafi liðið illa síðastliðin tvö ár og leitað aðstoðar hjá læknum og sálfræðingum. Hún hafi einnig leitað á bráðageðdeild þar sem hún hafi ekki viljað lifa. Brotþoli sagði að ákærði hafi viðurkennt ofbeldi gagnvart henni við börn þeirra og hjá sýslumanni við fyrirtöku á hjónaskilnaðarmáli þeirra.

Vitnið, B, kvaðst hafa þekkt ákærða frá því í æsku og vitnið og ákærði og brotþoli séu ágætir vinir og nágrannar. Vitnið kvaðst hafa verið sofandi þegar brotþoli hafi hringt í það um kl. 23:00 til 00:00 umrætt kvöld þar sem hún hafi verið í uppnámi fyrir utan heimili vitnisins. Það hafi eitthvað komið upp á milli brotþola og ákærða og hún hafi líklega sagt vitninu að ákærði hafi ýtt við henni þó vitnið myndi það ekki nákvæmlega.

Vitnið kvaðst ekki muna hvort brotþoli hafi sýnt því áverka en vitnið hafi skutlað henni til frænda hennar í [...]. Brotþoli hafi skilið bifreið sína eftir fyrir utan heimili vitnisins og sótt hana daginn eftir. Vitnið kvaðst hafa vitað af erfiðleikum í hjónabandi ákærða og brotþola en kvaðst hafa haldið að málin hafi verið komin í lag þegar atvikið varð.

Vitnið, C frændi brotþola, sagði að hún hefði sent vitninu skilaboð og spurt hvort það væri heima. Hún hafi síðan hringt í vitnið og spurt hvort hún gæti fengið gistingu. Vitnið kvaðst hafa heyrt að brotþoli hafi verið í tilfinningalegu uppnámi og einnig séð það þegar hún hafi komið heim til vitnisins. Brotþoli hafi ekki sagt mikið og vitnið hafi ekki spurt hvað hefði gerst og ekki séð áverka á henni enda hefði vitnið ekki verið að leita eftir þeim. Brotþoli hafi farið aftur morguninn eftir en komið aftur eftir nokkra daga og fengið að dvelja hjá vitninu í um eina viku.

Vitnið, D læknir, staðfesti vottorð sitt. Hún sagði erfitt að segja til um það hvenær áverkar brotþola hafi komið til en hrufلسárið hafi bent til ferskleika. Áverkar hennar hafi verið í samræmi við sögu hennar og skoðun sjúklings taki mið af sögu hans.

Vitnið, E félagsráðgjafi, staðfesti vottorð sín.

Vitnið, F sonur ákærða og brotþola, skoraðist undan skýrslugjöf við aðalmeðferð málsins.

IV

Niðurstæða.

Ákærða er gefin að sök líkamsárás gagnvart brotþola en þau voru hjón. Ákærði neitar sök og segir að þau hafi aðeins rifist en ekki hafi komið til líkamlegra átaka.

Brotþoli skýrði svo frá fyrir dómi að þegar hún og ákærði hafi verið komin upp í rúm í umrætt sinn hafi ákærði lamið hana 4-5 þung högg í bringu og axlir. Síðan hafi hann ýtt eða hrint henni út úr rúminu og hún lent á náttborði og barnarúmi með vinstri hlið. Brotþoli kvaðst hafa orðið mjög hrædd við ákærða og hlaupið út úr íbúðinni á nærbuxum einum fata en gripið með sér farsíma, kjól og bíllykla. Hún hafi farið á bifreið sinni til nágretta síns sem sé vinur brotþola og ákærða. Vinurinn hafi ekið brotþola til

frænda hennar í [...] þar sem hún hafi gíst. Framburður brotaþola var mjög á sama veg hjá lögreglu.

Brotaþoli leitaði á heilsugæslu fjórum dögum eftir atvikið. Þar lýsti brotaþoli því að eiginmaður hennar hafi veist að henni með höggum og hrint henni og hún lent á náttborði og rúmi. Í vottorðinu kemur fram að brotaþoli hafi verið með verki í vinstri griplim frá olnboga og niður framhandlegginn. Hún lýsti dofa í vinstri hendi í einn til tvo daga, einnig verk í vinstri síðu og um miðbik brjóstkassa. Mar og hrufslár var á vinstri olnboga og yfirborðsáverki á bol.

Vinur brotaþola lýsti því að brotaþoli hafi hringt í vininn í uppnámi þar sem hún hafi verið fyrir utan heimili hans. Vinurinn hafi síðan samkvæmt beiðni brotaþola ekið henni til frænda hennar þar sem hún hafi gíst. Vinurinn taldi að brotaþoli hafi sagt honum að ákærði hefði ýtt við henni en vinurinn gat þó ekki fullyrt um það.

Frænda brotaþola sagði að hún hafi hringt í sig og spurt hvort hún gæti fengið gistingu sem frændinn hafi samþykkt. Hann kvaðst hafa heyrt að brotaþoli hafi verið í tilfinningalegu uppnámi og það hafi frændinn einnig séð þegar brotaþoli hafi komið til frændans.

Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að brotaþoli sé að bera ákærða röngum sökum. Hún lýsti atvikum á heilsugæslu nokkrum dögum eftir að það átti sér með sama hætti og hún síðan gerði í meginatriðum hjá lögreglu og fyrir dómi. Hún lýsti því að hún hafi verið hrædd við ákærða og viðbrögð hennar þ.e. að rjúka út úr íbúðinni, aka eftir neyslu áfengis til vinar síns og gista síðan hjá frænda sínum benda til þess að það sé rétt hjá brotaþola að hún hafi verið hrædd við ákærða. Þá fær framburður brotaþola stoð í læknisvottorði. Ekkert þykir því fram komið um það að framburður brotaþola sé rangur um það sem mestu máli skiptir og verður hann því lagður til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Ákærði hefur skýrt frá því að hann og brotaþoli hafi aðeins rifist en ekki hafi komið til líkamlegra átaka. Viðbrögð brotaþola þ.e. að rjúka út og gista annars staðar þykja ekki benda til þess að aðeins hafi verið um rifrildi að ræða. Framburður ákærða fær ekki stoð

í rannsóknargögnum málsins né framburði vitna og verður því ekki lagður til grundvallar við úrlausn málsins.

Með vísan til ofanritaðs þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Háttsemin varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt því.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu. Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 1. og 5. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þessa og með hliðsjón af atvikum málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö mánuði en þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu og nokkuð er um liðið síðan hann framdi brot sitt þykir mega ákveða að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá birtingu dóms þess að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Heimis Lárussonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 903.960 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Unnar Ástu Bergsteinsdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans 602.640 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði annan sakarkostnað 20.242 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Pétur Fannar Gíslason saksóknarfulltrúi.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Arnars Heimis Lárussonar lögmanns, 903.960 krónur, og þóknun verjanda ákærða á rannsóknarstigi málsins, Unnar Ástu Bergsteinsdóttur lögmanns, 602.640 krónur. Ákærði greiði annan sakarkostnað 20.242 krónur.

Ingi Tryggvason